

um frv. til l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hl. n. — fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna — vill samþykkja frumvarpið með nokkrum minni háttar breytingum, en ég er andvigur frumvarpinu og legg til að það verði fellt.

Fulltrúi Alþýðuflokksins í n. var ekki mættur við afgreiðslu málsins.

Í frumvarpinu felst sú meginbreyting varðandi skipan verðlagsmála, að gefa á verslunarálagningu frjálsa og um leið verðlagningu á ýmiss konar þjónustu.

Eins og kunnugt er hefur sú skipan verið á þessum málum um alllangt skeið, að sérstök verðlagsnefnd hefur ákveðið hámarksverð á ýmsum vörum og þjónustu, eða hámarksálagningu í hundradshlutum. Þróun verðlagsmála hefur óefað verið eitt aðalvandamál íslenskra efnahagsmála í mörg ár. Verðlag hefur farið ört hækkandi og hefur þar valdið hvort tveggja erlend og innlend verðbólga.

Við þessar aðstæður hafa flestir þeir, sem haft hafa með höndum sölu á vörum eða selja út þjónustu, krafist sífellt hækkandi sölupóknunar sér til handa. Gegn þessu hafa stjórnvöld reynt að sporna, m. a. með ákvörðunum um verðstöðvun á vissum tímum eða með aðhaldi í verðlagningarmálum, þó að á því hafi að visu orðið nokkur misbrestur í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þannig hefur það verið verkefni verðlagsnefndar og Verðlagsskrifstofunnar að halda verslunarálagningu í skefjum og hafa eftirlit með vöruverði.

Nú þegar sveiflurnar í verðlagsmálum eru meiri en nokkru sinni fyrr og verðbólguvandamálið er talið eitt mesta vandamál þjóðarinnar, þá þykir ríkisstjórninni réttur tími til að gefa upp á bátinn allt verðlagseftirlit og gefa verslunarálagningu frjálsa. Það er líka hýsna athyglisvert, að ríkisstjórnin skuli velja þessa leið, á sama tíma og hún neitar að viðurkenna frjálsa launasamninga og á sama tíma og hún boðar að leggja þurfi niður að meira eða minna leyti vísitöluuppbætur á laun.

Þó að sú skipan, sem verið hefur á verðlagningarmálum og verðlagseftirliti, hafi um margt verið ófullkomin og framkvæmd á gildandi lagareglum fremur léleg, þá er þó enginn vafi á, að hún hefur dregið úr verðhækkunum og veitt þeim aðilum, sem með verslun og viðskipti fara, nokkurt aðhald. Það er skoðun mín, að nú hefði þurft að efla verðlagseftirlitið, m. a. með því að gera almenning virkari í að fylgjast með verðbreytingum. Til þess hefðu verðlagsyfirvöld þurft að birta greinargóðar upplýsingar, helst vikulega, um hæsta og lægsta söluverð í einstökum verslunum.

Sú ráðstöfun Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að ætla nú að heimila kaupskýslumönnum sjálfðæmi um verslunarálagningu er satt að segja ótrúleg. Hún mun ábyggilega leiða til hækkandi vöruverðs og stórlega hækkandi verslunarálagningar.

Þó að hægt sé að benda á nokkur dæmi þess, að um geti verið að ræða samkeppni verslana, sem ætti að tryggja aðhald um verslunarálagningu, þá er augljóst að slík samkeppni er alls ekki til staðar viðs vegar á landinu og mjög takmörkuð í mörgum greinum verslunar. Hætt er líka við því, að verslunarfyrirtæki hafi með sér samkomulag um verðlag þrátt fyrir þau málamyndaákvæði, sem um þau mál er að finna í frumvarpinu.

Það, sem er kjarni þess máls, sem hér er um að ræða, er þetta:

Í landinu geisar mikil verðbólga. Verðlag á vörum breytist frá viku til viku. Kaupskýslumenn sækja fast á um að fá meira í sinn hlut í formi verslunarálagningar.

Við þessar aðstæður segir ríkisstjórnin: Það er sjálfsagt, að kaupmenn og viðskiptaaðilar ráði því sjálfir, hvaða verð þeir setji á þá vöru, sem þeir selja. Þeir verða að hafa frelsi til að ákveða sinn tekjuhlut sjálfir.

Hins vegar segir ríkisstjórnin: Við verðum að ákveða laun vinnandi fólks. Um þau mál mega ekki gilda frjálsir samningar, hvað þá að vinnandi fólk megi ákveða sjálft og einhliða launatekjur sínar.

Ríkisstjórnin neitar einnig, að launafólk megi með samningum tryggja sig gegn sívaxandi dýrtíð.

Á hinn bóginn segir ríkisstjórnin: Vextir verða að hækka í hlutfalli við verðbólgu, og tekjur ríkissjóðs verða að hækka í hlutfalli við dýrtíð.

Bændur verða líka að þola, að laun þeirra séu ákveðin af opinberum aðilum, og sjómenn verða að hlíta úrskurði Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Frumvarp þetta sýnir svo skýrt sem verða má stefnu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í dýrtíðar- og verðlagsmálum. Í þeim málum eru þessir flokkar hjartanlega sammála: Launafólk, bændur og sjómenn verða að vera undir eftirliti.

Þeir fá ekki einu sinni frjálsan samningsrétt.

Kaupsýslumenn og milliliðir verða hins vegar að hafa rétt til að ákveða verslunarálagningu sjálfir og þar með launakjör sín og gróða.

Við Alþýðubandalagsmenn erum algjörlega andvígir þessu frumvarpi og munum greiða atkvæði gegn því.

Okkar stefna er, að við núverandi aðstæður þurfi að efla verðlagseftirlit og framfylgja stranglega þeim heimildum, sem eru í gildandi lögum til þess að koma í veg fyrir óeðlilegt verðlag á vörum og þjónustu.

Alþingi, 13. apríl 1978.

Lúðvík Jósepsson.